



Markaðsstofa Suðurlands

Framvinduskýrsla maí - ágúst 2014

Davíð Samúelsson lét af störfum 15. apríl og nýr framkvæmdastjóri, Dagný H. Jóhannsdóttir tók til starfa í byrjun júní. Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri gengdi stöðu staðgengils framkvæmdastjóra frá 15. apríl til 1. júní. Davíð hefur verið nýjum framkvæmdastjóra innan handar varðandi ýmis mál og héldu þau nokkra fundi vegna þessa.

Áhersla var lögð á að nýr framkvæmdastjóri hitti og kynnti sig fyrir aðilum MSS. Hefur það verið í mestum fókusi á tímabilinu, eftir því sem tækifæri gefst, ásamt því að komast inni starfseminu og verkefnum.

Aðilar

Núverandi og tilvonandi aðilum að Markaðsstofunni var sendur tölvupóstur í júní þar sem farið var yfir „ávinning aðildar að Markaðsstofu Suðurlands“. Mæltist það vel fyrir og er liður í góðu upplýsingaflæði til ferðarþjónustuaðila á svæðinu. Er í skoðun að senda út slíkan póst í formi fréttabréfs ársfjórðungslega.

Þá hefur fjöldi aðila Markaðsstofunnar hefur verið heimsóttur á tímabilinu. Þrjú svæði hafa verið heimsótt markvisst; Hveragerði, Höfn og nágrenni ásamt Vestmannaeyjum, ásamt öðrum tilfallandi heimsóknunum, samtölum og fundum. Heimsóknirnar mæltust mjög vel fyrir og er ljóst að slíkar heimsóknir eru mjög mikilvægar í starfi Markaðsstofunnar. Haldin hefur verið skrá yfir heimsóknirnar í Trello þar sem samskiptasaga er skráð, til að tryggja utnumhald og eftirfylgni heimsóknanna.

11 aðilar hafa kosið að taka hlé á samstarfinu við MSS af ýmsum ástæðum og hingað til eru komnir inn 8 nýir aðilar. 7 til viðbótar fengu póst um tilboð um þátttöku ásamt aðildarumsóknarformi, en endanleg svör hafa ekki borist.

Vinna við innheimtu aðildargjalda hefur verið í gangi síðan í júní og er enn í gangi. Vel hefur gengið í þeirri vinnu.

Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árborgar í ágúst. Framkvæmdastjóri MSS hefur óskað eftir samstarfi við nýstofnuð samtök ásamt því að fá að kynna hugmyndir sínar að stefnumörkun Árborgar sem áningar – og áfangastaðar. Vel hefur verið tekið í þá ósk.

Samningar eru lausir við Sveitarfélögin í haust og verður farið í undirbúning þeirrar vinnu á næstu vikum.

Vestmannaeyjar er eina sveitarfélagið á Suðurlandi sem ekki er aðili að MSS. Bæjarstjóri Vestmannaeyja var heimsóttur í ágúst og honum kynnt starfsemin ásamt því að ræða ýmis mál tengd

ferðapjónustunni í Vestmannaeyjum. Fundurinn var góður og upplýsandi. Upplýst var að ekki yrðu lagðir meiri fjármunir í ferðamál af hálfu bæjarins. Er það í höndum ferðamálasamtaka Vestmannaeyja að óska eftir aðild að MSS og mun bærinn þá verða við þeim óskum. Mikill áhugi er á meðal ferðapjónustuaðila í bænum á að Vestmannaeyjabær verði aðili að MSS. Ræddar voru ýmsar hugsanlegar leiðir til að svo mætti verða.

Kynningarefni – vefurinn www.south.is

Nýja vefsíðan var afhent Markaðsstofunum í byrjun ágúst mánaðar, eftir að hafa dregist síðan í vor. Þá hófst vinna við að setja inn efni ásamt því að klára uppsetningu síðunnar og skipulag, aðlagð að Suðurlandi. Þá sóttu Dagný og Ragnhildur námskeið hjá Stefnu um notkun vefsins og uppsetningu.



Uppbygging síðunnar er að þó nokkru leyti frábrugðin þeirri gömlu og því vantar nokkuð magn af efni, t.a.m. textum. Hluti af þeim textum sem vantar er sambærilegur hjá öllum Markaðsstofunum og því skiptu þær því verkefni á milli sín að semja þessa almennu texta. Hjá MSS var fenginn verktaki til að skrifa stutta kynningatexta fyrir ýmsa yfirflokk á síðunni. Þá hefur verið umræða um lógó MSS í tengslum við heimasíðuna og annað kynningarefni, þar sem það fellur ekki vel að því og getur skapað vandamál þegar bakgrunnur er í öðrum lit en hvítum.

Vegna þessara breytinga milli heimasíðna fellur til óhjákvæmilegur aukinn kostnaður, t.a.m. við textagerð og myndir. Kostnaður við síðuna er þegar komin fram úr áætlun og því þarf að endurskoða fjárhagsáætlun ársins með tilliti til þessara auknu útgjalda.

Í skoðun eru tengimöguleikar frá öðrum síðum MSS, www.winterwonderland.is og www.markadsstofa.is á nýju síðuna. Ekki er komin niðurstaða í það mál.

Þó nokkuð mikil vinna er framundan vegna síðunnar til að koma henni í loftið, bæði er varðar efnisinnsetningu og uppbyggingu. Hefur sú vinna setið örlítið á hakanum vegna útgáfu Landshlutabæklingsins, sem kemur inn á sama tíma vegna seinkunnar á afhendingu vefjarins.

Fjölmiðlar

Nokkuð hefur verið leitað til Markaðsstofunnar vegna komu erlendra blaðamanna á tímabilinu. Höfum við komið að skipulagningu þriggja blaðamannaferð til þessa ásamt því að funda með nokkrum aðilum vegna fyrirhugaðra heimsóknna og bóka/greinaskrifa.

Umfjallanir

Nokkuð hefur verið um að innlendir aðilar hafa leitað til MSS eftir upplýsingum og öflun efnis fyrir dagblöð og tímarit á tímabilinu. Þar má nefna:

- **Sumarlandið – aukablað með Morgunblaðinu**
- **Iceland Magazine – sér kafli um Suðurland**
- **Petit Futé – frönsk Ferðamannahandbók**

Auglýsingar

MSS hefur í samstarfi við Reykjavík Grapevine verið með sérblað um Suðurland sem fylgir blaðinu reglulega. Þá gafst aðilum MSS kostur á að kaupa auglýsingu í opnu á sanngjörnu verði, gegn þáttöku MSS. Í ágúst var síðasti hluti síðasta útgáfuárs á sérblaðinu og var MSS með umfjöllun og auglýsingu með aðeins breyttu sniði en áður.

Kynningarefni - Landshlutabæklingur

Dreifing

Ákveðið var að kaupa þjónustu hjá R3 vegna dreifingar á Landshlutabæklingnum. Hefur það gengið nokkuð vel í sumar, með nokkrum undantekningum þó. Taka þarf þau atriði til skoðunar fyrir næsta ár í samvinnu við R3.

Útgáfan 2014/2015

Vinna við Landshlutabæklinginn hefur staðið yfir frá því í byrjun júlí. Ákveðið var að fara í minniháttar breytingar á útliti bæklingins. Þá var ákveðið að kaupa nýjar myndir til að nota í bæklinginn sem nýtist einnig á nýja vefnum. Þá hefur verið ákveðið að kaupa ný kort í bæklinginn, þar sem þau eldri hafa ekki þótt nægilega hentug. Til skoðunar er sá möguleiki að hafa kort af hverju bæjarfélagi fyrir sig inni bæklingnum, til að auka vægi þeirra enn frekar.

Skoðað hefur verið í ljósi aukins fjölda ferðamanna það upplag sem prentað er af bæklingnum fyrir næstu útgáfu. Upplagið af 2013/2014 Landshlutabæklingnum, 35.000 eintök, var langt komið í lok sumars. Því hefur verið fengið tilboð í mismunandi fjölda prentaðra eintaka og ákvörðun um prentaðan fjölda tekin út frá því.

Aftur er gefin kostur á auglýsingaplássum í bæklingnum, að hámarki 8 síður. Þegar hafa um 8 aðilar pantað auglýsingapláss, ýmist hálf – eða heilsíður.

Sýningar og workshop

Sýningin VestNorden stendur fyrir dyrum nú í lok september, 30. September – 1. október.

Mikil eftirvænting hefur verið meðal aðila um þáttöku og hlut Markaðsstofunnar á þeirri sýningu. MSS hefur óskað eftir því að sett verði upp eins konar Suðurlandsgata, líkt og gert var fyrir 2 árum, þar sem Markaðsstofan yrði staðsett við enda götunnar að bjóða gesti velkomna á Suðurlandið.

Unnið hefur verið í uppsetningu/hönnun básins síðustu misseri. Hugmynd er uppi um að fá nýtt sýningarkerfi/vegg þar sem sá sem er til er of stór fyrir 2 manna bás.

Framkvæmdastjóra var falið að leita ráða hjá fyrrverandi framkvæmdastjóra og fleiri aðilum varðandi val á þeim sýningum og workshop sem MSS mun taka þátt í í vetur. Fram að áramótum voru tvær sýningar/workshop sem mælt var með að MSS tæki þátt í, workshop í N-Ameríku 6.-10. október og World Travel Market í London 3.-6. nóvember. Ákveðið var að taka ekki þátt í workshop í N-Ameríku í ljósi aukins kostnaðar sem fellur til á fjárhagsárinu, m.a. vegna heimasíðunnar. Eftir er að taka ákvörðun um þáttöku í WTM í London.

Kynningarferðir um Suðurland

Farnar voru tvær kynningarferðir 5. og 11. júní þar sem Markaðsstofan bauð starfsfólki ferðaskrifstofa og bókunar- og upplýsingamiðstöðva í ferðir um Suðurland. Þetta er gert til að kynna þá fjölbreyttu ferðabjónustu sem í boði er á Suðurlandi með sérstaka áherslu á að kynna það sem er nýtt á boðstólnum eða viðbætur við fyrri starfsemi.



5. júní var Rangárþing og Mýrdalur heimsóttur og þann 11. júní heimsóttum við Uppsveitir Árnessýslu. Veðrið var upp á sitt besta báða daganna og voru allir sammála um að ferðirnar hafi heppnast vel og almenn ánægja með heimsóknirnar.

Þá bauðst aðilum Markaðsstofunnar, sem ekki var tók á að heimsækja, kostur á að kynna sína starfsemi fyrir gestunum í svokölluðum Work Shops. Þó nokkrir aðilar nýttu sér það tækifæri. Um akstur í ferðunum sáu Guðmundur Tyrfingsson og Iceland Excursions.

Bæði gestum og gestgjöfum viljum við þakka fyrir skemmtilega og fræðandi daga og ánægjulega samveru.

Fundir

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa sótt fund og ráðstefnur eftir því sem tækifæri er til.

Meðal annara má nefna fundi á vegum SAF m.a. vegna gjaldtökumála, Gekon vegna klasasamstarfsins Iceland Tourism, upplýsingafundur með Íslandsstofu vegna markaðssetningar erlendis og þar sem farið var yfir það sem Markaðsstofan gæti nýtt sér af þeirri vinnu og stefnumótun sem Íslandsstofa

hefur unnið fyrir samfélagsmiðlanna ásamt mælingum á arðsemi fjárfestinga á þeim, fundur hjá SASS vegna heimasíðunnar www.sudurland.is ásamt nokkrum fundum er varða Sóknaráætlun Suðurlands.

Þá hafa verið haldnir reglulegir stjórnarfundir tímabilinu, að undanskildu sumarfrístímabili.

Málþing

Lítilega hefur verið unnið að undirbúningi málþingsins sem fyrirhugað er að halda með hagsmunaaðilum í haust. Hefur það verið kynnt lauslega í heimsóknum til aðila og innlegg/athugasemdir skráðar sem nýtist sem efni í þá undirbúningsvinnu.

Þá hafa verið gerð drög að könnun meðal aðila sem lögð verður fram síðar.

Taka þarf afstöðu til

- Framkvæmdar
- Tímasetningar
- Ábyrgð /aðkoma / umsjón

Ýmis önnur verkefni sem MSS hefur komið að:

- Ferðahugur – innanlandsátak á vegum Ferðamálastofu
- Ísland allt árið / Inspired by Iceland
- Erindi sent til Vegagerðarinnar vegna merkingar Suðurstrandarveggar, tekið vel í það og það skoðað að þeirra hálfu
- Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar á vegum Ferðamálastofu og Verkfræðistofunnar Alta ehf

Meðal verkefna framundan

- Vinna við uppsetningu/uppfærslu www.south.is og landshlutabæklings
- VestNorden og aðrar mögulegar sýningar
- Gerð fréttabréfs og útgáfu korts af Suðurlandi
- Áframhaldandi vinna við skráningu aðila ásamt samskiptasögu
- Endurnýjun samninga við sveitarfélögin
- Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2014 og fjárhagsáætlun 2015
- Heimsóknir til aðila MSS
- Málþing